

- e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

### Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 24% og verðjöfnunargjald 16% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 683 5. september 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

##### 1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald	.....	F1
Orkugjald	.....	11,00 kr. á kWh
1.2 Fast gjald	.....	F1 + F2
Orkugjald	.....	5,70 kr. á kWh

##### 2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	.....	F1 + F3
Orkugjald	.....	4,00 kr. á kWh

**3. Vélanotkun.**

3.1 Fast gjald .....	F1 + F2
Orkugjald .....	6,31 kr. á kWh
Lágmarksgjald .....	18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW .....	18 990,00 kr. á ári.
Aflgjald frá 3—5 kW .....	6 330,00 kr. á kW
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	1,59 kr. á kWh
3.3 Aflgjald umfram 5 kW .....	5 630,00 kr. á kW á ári.
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	1,41 kr. á kWh
3.4 Til súgþurrkunar .....	
Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	1,75 kr. á kWh

**4. Húshitun.**

4.1 Fast gjald .....	F1 + F4	
Orkugjald .....	2,48 kr. á kWh	
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
	Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði	Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði
4.2 Fast gjald .....	420,00 kr/kW/ári	6 630,00 kr/ári
Orkugjald .....	1,39 kr/kWh	0,76 kr/kWh
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3 Orkugjald .....	0,95 kr/kWh	0,61 kr/kWh
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

**5. Utanhússlýsing.**

5.1 Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	4,00 kr. á kWh

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****Föst gjöld.**

F1 .....	77,50 kr. á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	2,92 kr. á m <sup>2</sup> mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	1,72 kr. á m <sup>2</sup> mán.
F3 .....	2210,00/ári.

**Gjaldeiningar eru:**

- a) Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.  
Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.
  - b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.
  - c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.
  - d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m<sup>2</sup> ein gjaldeining.
- |                           |                      |
|---------------------------|----------------------|
| F4 Hvert uppsett kW ..... | 420,00 kr. kW á ári. |
|---------------------------|----------------------|

**6. Hitun.**

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

**II. OPNUNARGJÖLD.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppun kr. 790,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 417,00 á skrifstofu rafveitunnar.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 163,00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 11 724,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70q$ , skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 121 22. febrúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*